

## Viðauki 5 við þjónustusamning um kennslu á framhaldsskólastigi milli mennta- og menningarmálaráðuneytis og Keilis

### 1. gr.

Gildistími, sbr. gr. 9.1., í þjónustusamningi um kennslu á framhaldsskólastigi milli mennta- og menningarmálaráðuneytis kt. 460269-2969 og Keilis, miðstöðvar vísinda, fræða og atvinnulífs, kt. 500507-0550, dags. 10.09.2014 framlengist til 31.12.2021.

### 2. gr.

Grein 2.2 í samningnum breytist með eftirfarandi hætti:

1. Á árinu 2021 skal fjöldi ársnemenda í frumgreinanámi vera að hámarki 220.
2. Á árinu 2021 er framlag ríkisins með hverjum nemanda í frumgreinanámi kr. 777.913,-
3. Ef fjöldi nemenda í frumgreinanámi fer undir 200 mun ráðuneytið krefjast endurgreiðslu á kr. 777.913,- fyrir hvern nemanda sem upp á kann að vanta.
4. Ráðuneytið stefnir að því að færa framlög vegna frumgreinanáms til Háskóla Íslands frá og með 1. janúar 2022.

### 3. gr.

Grein 2.3. sbr. viðauka 2 við samning Keilis frá 21.12.2018 breytist með eftirfarandi hætti:

1. Á árinu 2021 skal fjöldi ársnemenda í tölvuleikjagerð vera að hámarki 65.
2. Á árinu 2021 er framlag per ársnema í tölvuleikjagerð kr. 1.440.138,-
3. Ef fjöldi nemenda í fullu námi í tölvuleikjagerð fer undir 58 mun ráðuneytið krefjast endurgreiðslu á kr. 1.440.138,- fyrir hvern nemanda sem upp á kann að vanta.

### 4. gr.

Grein 5.1. í samningnum breytist og verður eftirfarandi:

Framlag ríkisins til Keilis á árinu 2021 er samtals kr. 325.507.000,- og skiptist með eftirfarandi hætti:

1. Vegna nemenda á námsbraut í einka- og styrktarþjálfun, kr. 60.757.000,-
2. Vegna nemenda í frumgreinanámi, kr. 171.141.000,-
3. Vegna nemenda á tölvuleikjabraut, kr. 93.609.000,-

Reykjavík, 1. febrúar 2021

  
f.h. mennta- og menningarmálaráðuneytis

  
f.h. Keilis